

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Svandísi Svavarsdóttur
um átröskunarteymi Landspítalans.

1. *Hver er lagagrundvöllur átröskunarteymis Landspítalans?*

Átröskunarteymi Landspítalans er starfrækt á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, eins og önnur starfsemi spítalans.

2. *Hvernig þróaðist umfang starfsemi átröskunarteymisins á árunum 2007–2015?*

Á Landspítala eru tvö átröskunarteymi. Annað þeirra sinnir börnum og starfar á göngudeild barna- og unglिंगageðdeildar (BUGL). Hitt teymið sinnir fullorðnum og starfar á geðsviði spítalans.

Átröskunarteymi göngudeildar barna og unglिंगageðdeildar hefur verið starfandi frá árinu 2000 þar sem einstaklingar með átröskun þurfa sérhæfða meðferð. Þróun átröskunarteymisins frá 2007 hefur verið á þá leið að sérhæfðir fagaðilar hafa sinnt greiningu og meðferð fyrir börn og unglिंगa með átröskun og fjölskyldur þeirra. Átröskunarteymið er þverfaglegt teymi barna- og unglिंगageðlæknis, geðhjúkrunarfræðings og fjölskylduþerapista, sálfræðings, félagsráðgjafa, iðjuþjálfara og næringarfræðings. Tveir aðilar í teyminu sinna málum í 80%-starfi en aðrir í 10–30%-starfi. Sú meðferð sem veitt er í teyminu felst í greiningu vandans, sálfræðimeðferð, fjölskyldumeðferð, hóp- og stuðningsmeðferð fyrir foreldra, læknisfræðilegu mati og eftirliti, næringarráðgjöf, eflingu á jafnvægi í daglegu lífi og líkamsvitundarþjálfun auk félagsráðgjafar. Auk þess getur þurft að grípa til innlagnar á legudeild. Þar er einnig ákveðið teymi sem sinnir þessum skjólstæðingahópi og samráð er milli teyma legu- og göngudeildar varðandi skjólstæðinga með átröskun. Á hverjum tíma eru um það bil 30 einstaklingar og fjölskyldur þeirra í meðferð, oftast í eitt til þrjú ár. Fjöldi nýrra tilvísana á BUGL ár hvert hefur verið á bilinu 15–20 einstaklingar.

Átröskunarteymi fyrir fullorðna á geðsviði Landspítalans hefur verið starfandi frá árinu 2006 og kom sérstök fjárveiting til stofnunar þess í upphafi. Þjónusta þess hefur verið í stöðugri þróun síðan og hefur sjúklingum fjölgað jafnt og þétt síðustu ár.

Fjöldi sjúklinga		Fjöldi koma á dag- og göngudeild			
Ár innskriftar	Fjöldi einstaklinga	Göngudeild	Dagdeild	Samtals	
2007	140	2007	664	998	1.662
2008	164	2008	648	1.289	1.937
2009	178	2009	1.489	814	2.303
2010	156	2010	1.625	947	2.572
2011	162	2011	1.641	800	2.441
2012	177	2012	1.626	754	2.380
2013	249	2013	1.595	828	2.423
2014	199	2014	1.435	1.016	2.451
2015	244	2015	1.987	1.021	3.008

Fyrir stofnun teymisins, á árunum 2003–2006, var meðaltalsfjöldi legudaga 116,5 á ári hjá sjúklingum með átröskun sem fyrstu sjúkdómsgreiningu en 2007–2015 var hann 23,8 dagar.

Þjónusta við átröskunarsjúklinga er veitt á göngu- og dagdeild. Aðgengi að þjónustu teymisins hefur verið gott og frá árinu 2012 hafa sjúklingar getað komið án milligöngu heimilislækna eða tilvísana annarra fagstétta. Síðustu árin hefur fyrirspurnum um meðferð fjölgað mikið og teymið þurft að vísa fólki í önnur úrræði, aðallega til sálfræðinga. Fyrstu árin var biðtíminn eftir meðferð 4–8 vikur en síðastliðin 3–4 ár hefur hann lengst og er nú um 4–6 mánuðir. Á hverjum tíma eru um 60–70 einstaklingar í virkri meðferð hjá teyminu og oft eru um 20–30 sjúklingar á biðlista. Forgangsraðað er eftir alvarleika vandans.

Meðferð við átröskunum er langtímameðferð og getur tekið allt frá sex mánuðum upp í 3–4 ár. Sjúklingar átröskunarteymisins eru oft ungir einstaklingar með flókinn fjölpættan vanda og því er mikilvægt að tekið sé heildrænt á vandanum.

Umfang ráðgjafarþjónustu átröskunarteymisins hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár. Fólk um allt land getur leitað beint til teymisins og fengið upplýsingar, ráðgjöf og fræðslu. Daglega berast fyrirspurnir með tölvupósti um þjónustuna. Auk meðferðar sinnir starfsfólk teymisins kennslu, handleiðslu og starfsþjálfun nema á heilbrigðisvísindasviði. Einnig tekur teymið þátt í rannsóknarverkefnum og greinarskrifum. Þessir þættir starfseminnar hafa aukist mjög síðustu ár og komið til viðbótar við klíniska meðferðarvinnu.

Átröskunarteymið kom að stofnun Félags fagfólks um átraskanir, FFÁ, árið 2011 og tekur þátt í samnorrænu samstarfi. Norræna átröskunarþingið verður haldið á Íslandi árið 2018 og hefur teymið nú þegar hafið undirbúning þess.

3. *Telur ráðherra að teymið búi við fullnægjandi fjárframlög?*

Það er skoðun ráðherra að það megi gera betur í þessum málaflökki eins og mörgum öðrum málaflökum innan heilbrigðisþjónustunnar. Í ljósi þess að starfsmönnum í teyminu hefur ekki fjölgað þrátt fyrir auknar óskir um þjónustu kann að vera full ástæða til að fara yfir hvort þjónusta við fólk með átraskanir hafi orðið útundan varðandi fjármagn miðað við aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar.

Ekki hefur verið merkt sérstök fjárveiting í þjónustu BUGL fyrir börn og unglunga með átröskun. Átröskunarteymi BUGL er eitt af göngudeildarteymum BUGL og er kostnaður vegna þess hluti af heildarrekstri Landspítalans. Nýlega hafa fjárframlög verið aukin til göngudeildar BUGL og áform eru um að auka þau reglubundið einnig næstu tvö ár.

Átröskunarteymi geðsviðs Landspítalans er hluti af rekstri geðsviðs. Teymið telur að til þess að stytta bið úr 4–6 mánuðum niður í 1–2 mánuði og sinna einnig sívaxandi fræðslu- og ráðgjafarhlutverki á fullnægjandi hátt þyrfti að fjölga um þrjú stöðugildi, úr sjö í tíu. Áætluð kostnaðaraukning við þessa viðbót væri 23 millj. kr. á ársgrundvelli.

4. *Hvernig sér ráðherra fyrir sér þróun þeirrar þjónustu sem einstaklingar með átröskun njóta af hendi heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustunnar?*

Þótt hér sé spurt um þjónustu við einstaklinga sem þegar eru með átröskun verður ekki hjá því komist að minnast á mikilvægi forvarna. Leggja þarf áherslu á forvarnir.

Það er afar mikilvægt að forvarnir með fræðslu um átraskanir beinist að foreldrum/forráðamönnum, kennurum og öðru starfsfólki skóla fremur en að börnum og unglöngum sjálfum. Forvarnir sem tengjast börnum og unglöngum sjálfum ættu frekar að beinast að því að efla sjálfsmat og sjálfsvirðingu og að þeim líði vel með eigin líkama en meðal helstu áhættuþátta átraskana eru slæm líkamsmynd og megrun.

Heilsugæslan þarf að vera virkur þátttakandi í forvörnum og æskilegt er að fyrsta mat fari fram í heilsugæslu, svo og meðferð og eftirfylgni með vægari einkennum. Meðferð við át-

röskunum er sérhæfð og nauðsynlegt er að þjálfa starfsfólk heilsugæslu til að veita slíka þjónustu. Með fjölgun sálfræðinga í heilsugæslu, eins og stefnt er að, verður heilsugæslan betur í stakk búin til að sinna fólki með væg einkenni geðheilsuvanda ásamt því að fylgja meðferð eftir.

Einnig er full ástæða til að fara yfir hvernig núverandi þjónusta mætir þeirri þörf sem er fyrir hendi en eins og fyrr segir hefur þeim fjölgað sem leita eftir þjónustu átröskunarteyma á síðustu árum.